lagi. Þriðjungur láns þessa skal eigi borgast lántakanda fyrri en áreiðanlega er sannað með lögmætri skoðunargjörð, að húsið sje fullgjört og fullnægi hinum settu skilyrðum. Jafnframt þeirri skoðunargjörð skal húsið virt, og skal því jafnan haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir upphæð þeirri, er það er virt á. Verði farið að nota húsið til íbúðar áður en það er fullgjört, verður að vátryggja það þá þegar. Húsið skal að minnsta kosti gjört byggjanlegt sama árið og lánið er tekið, og fullgjört eigi síðar en 30. júní árið eftir. Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta því skilyrði bundið, að lánið ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 6%. 77 3. sept.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

# Breyting

78 28. ágúst

á reglugjörð fyrir matarhæfi fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík, dagsettri 22. júní 1874.

Í staðinn fyrir:

6 pd. af saltfiski eða blautfiski

komi: 6 pd. af saltfiski eða 9 pund af blautfiski.

Reykjavík, 28. ágúst 1901.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

# Auglýsing

um breytingu á yfirsetukvennaumdæmum í Norðurmúlasýslu.

79 25. júlí

Samkvæmt ákvæðum amtsráðsins í Austuramtinu, er hjermeð 10. yfirsetukvennaumdæmi Norðurmúlasýslu (Vopnafjarðarhreppur) breytt þannig, að hjereptir verður 10. yfirsetukvennaumdæmið: Selárdalur með Strönd og Vesturárdalur með Norður Skálanesi, en 11. umdæmið verður: Hofsárdalur og hinn hluti Vopnafjarðarhrepps, og 12. umdæmið verður Skeggjastaðahreppur.

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 25. júlí 1901.

*Páll Briem.*

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld »Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs« fyrir árið 1900.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1899:
   a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11,1 hndr. að dýrleik, virt á . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 800 00

Flyt: kr. 800 00

80

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Flutt | kr. 800 00 | |
| b. | Í Söfnunarsjóði Íslands . . . . . . . . . . | — 219 06 | |
| c. | Óborguð landskuld af Harastöðum í fardögum 1899 | — 28 40 | |
| d. | Óborgaðar leigur af sömu jörð haustið 1899. . | — 20 00 | kr. 1067 46 |
| 2. | Landskuld af Harastöðum í fardögum 1900, 40 áln. á 40 aur. | | — 16 00 |
| 3. | Leigur haustið 1900, 40 pd. smjörs, er borgast í peningum: 50 aur. fyrir pundið . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | — 20 00 |
| 4. | Vextir af innieign í Söfnunarsjóði fyrir árið 1899 . . . . . . | | — 7 22 |
| 5. | — — — - —— — — 1900 . . . . . . | | — 9 05 |
| | | Tekjur alls | kr. 1119 73 |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | I sjóði við árslok 1900: | | |
| a. | Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11,1 hndr. að dýrleik, virt á . . . . . . . . . . . . . . . . . | kr. 800 00 | |
| b. | Óborguð landskuld af Harastöðum í fardögum 1899 | — 28 40 | |
| c. | Óborgaðar leigur haustið 1899 . . . . . . . | — 20 00 | |
| d. | Óborguð landskuld í fardögum 1900 . . . . . | — 16 00 | |
| e. | Óborgaðar leigur haustið 1900 . . . . . . . | — 20 00 | |
| f. | I Söfnunarsjóði . . . . . . . . . . . . . . | — 235 33 | kr. 1119 73 |
| | | Gjöld alls | kr. 1119 73 |

Skrifstofu Árnessýslu, 6. apríl 1901.

*Sigurður Ólafsson.*

81

# Ágrip

## af reikningi Landsbankans frá 1. apríl til 30. júni 1901.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Í sjóði 1. apríl 1901. . . . . . . . . . . . . . . | | kr. | 196,492 39 |
| 2. | Borgað af lánum; | | | |
| a. | Fasteignaveðslán . . . . . . . . | kr. 30,499 78 | | |
| b. | Sjálfskuldarábyrgðarlán . . . . . . | — 27,060 01 | | |
| c. | Handveðslán . . . . . . . . . . | — 1,720 00 | | |
| d. | Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfélaga o. fl. . . . . . . . . . | — 1,724 00 | | |
| e. | Accreditivlán . . . . . . . . . . | — 700 00 | — | 61,703 79 |
| 3. | Víxlar innleystir . . . . . . . . . . . . . . . . . | | — | 164,404 82 |
| 4. | Avísanir innleystar . . . . . . . . . . . . . . . | | — | 15,628 46 |
| 5. | Vextir ýmiskonar . . . . . . . . . . . . . . . | | — | 8,388 59 |
| 6. | Disconto . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | — | 4,552 67 |
| 7. | Frá landssjóði í nýjum seðlum . . . . . . . . . . | | — | 35,000 00 |
| | | Flyt: | kr. | 486,170 72 |